

Kópavogsþær  
b/t Bjarki Valberg  
Digranesvegi 1  
200 Kópavogur

Reykjavík, 12. desember 2019  
UST201912-034/A.B.  
10.04.00

## **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Kópavogs 2012 - 2024 og á deiliskipulagi - Fannborgarreitur og Traðarreitur vestur**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Kópavogs er barst 3. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2012 – 2024 og nýju deiliskipulagi fyrir Fannborgarreit og Traðarreit- vestur.

Í greinagerð kemur fram að breytingin felst í að heimila enduruppbyggingu á Fannborgarreit (M-1) og Traðarreit-vestur (ÍB-2) fyrir fjölbýlishús. Auk þess kemur fram að lagt er til í gildandi aðalskipulagi að reiturinn verði skilgreindur sem þróunarreitur fyrir þéttingu byggðar.

### **Þéttung byggðar**

Byggingar og bílastæði einkenna svæðið í dag, en talsverður gróður er einnig á svæðinu. Miðað við mynd 16, sem sýnir mögulega uppbyggingu, er gert ráð fyrir töluverðri röskun á þeim trjágróðri sem er í dag á svæðinu. Umhverfisstofnun telur þéttingu byggðar vera jákvæða þróun þar sem hún á við, hins vegar telur stofnunin mikilvægt að hugað sé að gróðri og grænum og opnum svæðum við hönnun þéttingsarsvæða sem eru aðgengileg íbúum og almenningi.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri skipulagslysingu, gerð grein með skýrum hætti fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Umhverfisstofnun telur að óbreyttu, að skipulagsáætlunin gefi ekki tilefni til frekari umsagnar stofnunarinnar í skipulagsferlinu, þar sem á skipulagssvæðinu eru ekki friðlýst svæði, svæði á náttúruminjaskrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 61.gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stofnunin bendir þó á að ef til þess kemur að veruleg frávik verða frá ofangreindri skipulagsáætlun, þá sérstaklega varðandi náttúruverndarsvæði þá gæti orðið tilefni til frekari umsagnar.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefansson  
sérfræðingur